



Tilkynning til hluthafa og stjórnar

Efni: Aðalfundur Vottunarstofunnar Túns ehf. 2026

Aðalfundur Vottunarstofunnar Túns ehf., kt. 511094-2249, verður haldinn **fimmtudaginn 4. júní 2026** á **Grand Hótel** við **Sigtún 38 í Reykjavík** (fundarsalur **Útgarður á 13. hæð**) og hefst kl. **15.30**.

Dagskrá fundarins verður sem hér segir:

1. Setning.
2. Kjör fundarstjóra.
3. Könnun á mætingu hluthafa og umboðsmanna þeirra á fundi.
4. Kjör fundarritara.
5. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á árinu 2025.
6. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2025 kynntur og lagður fram til samþykktar.
7. Ákvörðun um meðferð hagnaðar.
8. Ákvörðun um stjórnarlaun og laun endurskoðanda.
9. Kjör stjórnar og varamanna.
10. Kjör endurskoðanda.
11. Tillaga um breytingu á samþykktum félagsins. Stjórn Tún leggur til að 2. gr. Samþykkt félagsins hljóði svo: „Heimilisfang félagsins skal vera í Reykjavík.“
12. Önnur mál.

Tillögur sem hluthafar vilja leggja fyrir fundinn þurfa að hafa borist stjórn félagsins eigi síðar en kl. 12.00 þriðjudaginn 26. maí 2026 og skulu þær sendar með tölvupósti. Ársreikningur félagsins og tillögur þær sem fyrir fundinum liggja verða hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins; Fellsmúla 26, 2 hæð; í eina viku fyrir fundinn. Með bréfi þessu fylgir eyðublað fyrir umboð til setu á aðalfundinum sem óskast útfyllt og send í tölvupósti á tun@tun.is eða framvísað á aðalfundinum.

Vinsamlegast staðfestið móttöku á þessari tilkynningu með því að senda tölvupóst þar að lútandi á tun@tun.is eða með því að samþykkja fundarboðið sem sent verður í gegnum í outlook.

Reykjavík, 24. maí 2025,
fyrir hönd stjórnar Vottunarstofunnar Túns ehf.

Margrét Rós Sigurjónsdóttir